




Fatherhood in the Nordic welfare states

Comparing care policies and practice

Ritsjórar: Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard
Bristol. Policy Press. 2014.
409 bls. ISBN: 978-1-44731-047-1

BÓKARUMFJÖLLUN



Síðastliðinn aldarfjórðung hafa auknar áherslur og umræða um jafnrétti einkennt félagsmálastefnu Norðurlanda og frá aldamótum hefur Ísland verið í fararbroddi við móttun löggjafar um foreldra- og feðraorlof. En hvað gerist þegar hin norræna stefna leggur nýjar áherslur hvað varðar hlutverk feðra og viðurkennir mikilvægi þeirra í uppeldi barna sinna? Hvað er að gerast í lífi ungra feðra í dag?

Hefur orðið breyting á ímynd þeirra og hlutverki í daglegu lífi?

Á liðnu ári var gefin út yfirgrípsmikil bók um feður og velferðarríkið sem Guðný Björk Eydal, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og Tine Rostgaard, prófessor við félagsmálastefnudeild (Social Policy Department) við Háskólann í Álaborg ritstýra. Í bókinni er fjallað um það hvaða áhrif félagsmálastefna Norðurlanda hefur haft á hlutverk feðra á okkar tímum. Íslenska leikritið *Pabbinn* eftir Bjarna Hauk Þórsson (2007) kveikti hugmyndina að bókinni og í henni er bent á að hlutverk ungra feðra sé nú annað en áður var og langtum óljósara. „Ólklegt er að ungir feður taki sér feður sína til fyrirmynadar, þess í stað skapa þeir sína eigin mynd af föðurhlutverkinu frá rótum og byggja hana á því sem þeir sjálfir telja við hæfi.“

Bygging bókarinnar grundvallast á fimm þemum. Fyrsta þemað fjallar um feður nútímans í ljósi félagsmálastefnu og réttinda þeirra á Norðurlöndum. Annad þemað skoðar feðramenningu í tengslum við vinnu og umönnun barna, einkum það hvernig feður semja um feðraorlof við vinnuveitendur sína. Priðja þemað beinir sjónum að breytti ímynd og hlutverki feðra í mismunandi fjölskyldugerðum, t.d. hvað varðar samkynhneigða feður og feður af erlendum uppruna. Fjórða þemað rýnir nánar í foreldra- og feðraorlof í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi. Síðasta og fimmta þemað fjallar síðan um það hvernig hlutverk feðra hefur þróast í alþjóðlegu tilliti miðað við það sem sjá má á Norðurlöndum.

Meðal þeirra höfunda sem rita í bókina má nefna þekkta íslenska fræðimenn á þessu svíði – Hrefnu Frið-

riksdóttur, Ingólf V. Gíslason og Guðnýju Björk Eydal. Meðal annars kemur fram að eftir bankahrunið á Íslandi hefur fæðingarorlof verið skert og enn er óljóst hvort sú skerðing hefur haft áhrif á þáttöku feðra í fæðingarorlofi.

Pessi mikilvæga bók lýsir sjónarhorni feðra í jafnréttismálum á skýran og skarpan hátt. Það er ekki síst mikilvægt að rýna í hana í ljósi þess brautryðjenda-starfs sem unnið hefur verið á Íslandi í jafnréttismálum. Hægt er að panta bókina hjá Bóksölu stúdenta, Amazon og víðar.

Cynthia Lisa Jeans

Ofbeldi á heimili

Með augum barna

Ritsjóri: Guðrún Kristinsdóttir
Reykjavík. Háskólaútgáfan. 2014.
324 bls. ISBN: 978-9935-23-256-0

BÓKARUMFJÖLLUN



Bókin *Ofbeldi á heimili. Með augum barna* er umfangsmikið verk sem eykur þekkingu fagfólks, sem starfar að barnavernd og ekki síður í félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, á vitneskjum barna og unglings um ofbeldi á heimilum, hvernig þau bregðast við ofbeldinu, hvaða áhrif það hefur að búa við slíkar aðstæður, upplifun barna á studningi fagfólks í skólam og hvaða mynd fjölmiðlar draga upp af þessari reynslu barna og unglings. Ritstjóri bókarinnar er dr. Guðrún Kristinsdóttir, prófessor og félagsráðgjafi, sem jafnframt ritar inngang og flesta kafla bókarinnar. Bókin er ritrýnd og annaðist Hildigunnur Ólafsdóttir fræðilega ritstjórn. Meðhöfundar Guðrúnar að bókinni eru þær Ingibjörg H. Harðardóttir, Steinunn Gestsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Nanna Þóra Andrésdóttir og Margrét Sveinsdóttir. Formála ritar Lára Björnsdóttir félagsráðgjafi. Bókin tengist velferð barna, hún snýr að barnavernd og skólastarfi og er byggð á rannsókninni „Þekking barna á ofbeldi á heimilum“ sem unnin var á árunum 2006–2013 af höfundum bókarinnar undir stjórn dr. Guðrúnar. Bókin skiptist í sex sjálfstæða kafla þar sem fræðilegar forsendar eru ræddar í fyrsta kafla og hinir einstöku kaflar bókarinnar síðan tengdir saman í lokakafla. Samantekt er í lok hvers kafla auk útdráttar á ensku og þannig er auðvelt að lesa einstaka kafla bókarinnar eða alla í heild.


Efni bókarinnar er þörf ábending til fagfólks, hvort heldur kennara og annars starfsfólk í skólum eða félagsráðgjafa og annars starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu. Bókin er hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi og hefur þegar hlutið bókmennataverðlaun. Hún er mikilvægt framlag í því skyni að auka skilning á sjónarmiði og stöðu barna jafnframt því að koma auga á börn sem búa við erfiðar aðstæður og veita þeim viðeigandi stuðning. Það verður aldrei unnt að koma í veg fyrir ofbeldi á heimili en með markvissri vinnu er mögulegt að bæta aðstæður og líðan barna sem upplifa slíkt.

Steinunn Bergmann

Chomsky Mál, sál og samfélag

Ritstjórar: Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton
Háskólaútgáfan. Reykjavík. 2013
386 bls. ISBN: 978-9935-23-016-4

BÓKARUMFJÖLLUN



Á hundrað ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011 var bandaríski málvísindamaðurinn og heimspekingurinn Noam Chomsky heiðursfyrirlesari Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Bókin *Mál, sál og samfélag* er afrakstur fjölda námskeiða og málstofa sem haldnar voru um haustið og snerust um hugmyndir og áhrif Chomskys, bæði á svíði samfélagsrýni og málvínsinda. Sautján virtir fræðimenn háskólangs eiga ritrýnda kafla í bókinni. Að auki eru tveir fyrillestrar sem Chomsky flutti í Háskólabíói á rituðu máli.

Bókin skiptist í tvennt að loknum inngangi ritstjóra um tilurð bókarinnar, nálgun og framlag Chomskys til vísindasamfélagsins. Fyrri hlutinn ber yfirskriftina *Maður, mál og sál*, en þar er fjallað um áhrif Chomskys á sálfræði og skynjunarfæði. Einnig er kenningum hans um málvíindi gerð ítarleg skil. Seinni hlutinn nefnist *Maður og samfélag*. Þar kynna fræðimenn hlutverk Chomskys sem samfélagsrýnis og ígrundandi fræðimanns sem lætur málefni samtímans til sín taka.

Segja má að rauði þráður bókarinnar snúist um tvær þekkingrafæðilegar ráðgátur sem Chomsky setti fram í ritinu *Knowledge of Language: Its Nature, Origin and Use* árið 1986. Annars vegar ráðgátu Platóns sem snýr að spurningunni um það hvernig við getum vitað svona mikil með jafn litla vitneskju og við í raun og veru höfum. Hins vegar ráðgátu Orwells, það er spurninguna um það hvernig við getum vitað jafn lítið og raun ber vitni með jafn mikla vitneskju og við höfum. Það

er sérstaklega ráðgáta Orwells sem er fræðimönnunum í bókinni hugleikin. Þar er skírskotað til hins mikilvæga boðaskapar sem Chomsky hefur fram að færa til fræðimanna, hvaða grein vínsinda sem þeir tilheyra. Hann furðar sig á því hvernig okkur getur láðst að sjá augljósar staðreyndir sem við höfum beint fyrir framan nefið á okkur. Þetta á einnig við á alþjóðavettvangi og snýr að valdinu sem stjórnvöld og fjölmíðlar hafa tekið sér með að halda vissu efni að okkur og öðru frá okkur.

Seinni hluti bókarinnar um mann og samfélag skírskotar hvað mest til félagsráðgjafar. Þar ber hæst kafli Sigrúnar Júlíusdóttur, „Vitund og valdefling almennings. Um áhrif og ábyrgðarstöðu sérfræðinga og fagfólks“. Sigrún ígrundar þar kjarnann í skilaboðum Chomskys til fræðimanna og tengir hann eigin fagþróun sem félagsráðgjafa. Einnig félagsráðgjöfinni sem fræðigrein og þeirri þekkingarfræðilegu þróun sem átt hefur sér stað, ekki síst fyrir tilstilli máttarstólpa eins og Chomskys, Bourdieu, Foucaults og fleiri. Þessir hugsuðir hafa unnið ötullega að því að tengja saman þekkingu, vald og samfélagslega ábyrgð fræðimanna.

Með því að beita ígrundandi nálgun og gera sér grein fyrir hlutverki sínu geta félagsráðgjafar, eins og Chomsky sjálfur, staðið styrkum fótum á grundvelli fræðimennskunnar og með vinnubrögðum sínum lotið þeim lögmálum sem þar gilda og varða strangar fræðilegar kröfur um vísindalega nákvæmni, áreiðanleika og gagnreynda þekkingu. Jafnframt geta þeir sett samfélagsleg fyrirbaeri í samhengi og sett fram uppbyggilega gagnrýni á stjórnvöld. Þannig geta félagsráðgjafar ljáð heildarsýninni rödd hins meðvitaða fagmanns. Þetta hefur Chomsky ætlið gert óhræddur og það er ekki síst hugrekki hans og einurð sem hefur gert hann svo virtan sem raun ber vitni. Hann er sá fræðimaður á svíði félagsvínsinda sem hvað mest er vitnað í, þrátt fyrir eða ef til vill vegna þess að hann tilheyrir ströngum skóla málvínsindanna og beitir sömu vinnubrögðum til að rýna samfélagið sem hann er hluti af og í vísindunum.

Bókina *Mál, sál og samfélag* ætti enginn félagsráðgjafi að láta framhjá sér fara. Í henni eru kenningar sem opna nýjar faglegar víddir og gagnast félagsráðgjöfum, bæði á vettvangi og í akademísku samhengi. Það er ábyrgð fræðimanna að segja sannleikann og afhljúpa lygar, segir Chomsky og það á svo sannarlega við þegar félagsráðgjafar upplifa í starfi sínu aðstæður sem í eðli sínu eru faglegar og hápolítískar í senn.

Pórhildur Egilsdóttir